

61 Þessu til staðfestu hafa undirritaðir
5. júlí fulltrúar, er til þess hafa fullgild umboð,
undirritað viðbótarsamkomulag þetta.

Gjört í París hinn sextánda dag apríl-
mánaðar nítján hundruð fjörutíu og átta
á ensku og frönsku með jafngildum text-
um, í einu eintaki, sem varðveita skal í
skjalasafni ríkisstjórnar franska lýðveld-
isins, en hún mun senda staðfest afrit af
því til allra annarra ríkja, sem undirrit-
að hafa.

(Undirskriftir).

IN FAITH WHEREOF the undersigned
Plenipotentiaries, being duly authorised
to that effect, have signed the present
Protocol.

Done in Paris this sixteenth day of
April Nineteen Hundred and Forty Eight,
in the English and French languages,
both texts being equally authentic, in a
single copy which shall remain deposited
in the Archives of the Government of
the French Republic, by which certified
copies will be communicated to all the
other signatories.

(Signatures).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 5. júlí 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

62

5. júlí

AUGLÝSING

um samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu.

Hinn 3. júlí 1948 var í Reykjavík undirritaður svo hljóðandi samningur milli
Íslands og Bandaríkja Ameríku:

Samningur milli Íslands og Bandaríkja
Ameríku um efnahagssamvinnu.

Economic Co-operation Agreement
between Iceland and the United States
of America.

Preamble.

Inngangur.

Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja
Ameríku:

The Governments of Iceland and the
United States of America:

eru þeirrar skoðunar, að það sé að miklu
leyti undir því komið, að fenginn verði
heilbrigður efnahagslegur grundvöllur,
örugg efnahagsleg sambúð ríkjanna og
því, að þjóðir Evrópu geti orðið efnahags-
lega óháðar óvenjulegri utanaðkomandi
aðstoð, hvort takast muni að koma aftur
á fót eða viðhalda grundvallarreglum ein-
staklingsfrelsis, frjálsu stjórnskipulagi og
sönnu sjálfstæði í ríkjum Evrópu;

Recognizing that the restoration or
maintenance in European countries of
principles of individual liberty, free in-
stitutions, and genuine independence rests
largely upon the establishment of sound
economic conditions, stable international
economic relationships, and the achieve-
ment by the countries of Europe of a
healthy economy independent of extra-
ordinary outside assistance;

eru þeirrar skoðunar, að öflugur og vel-
megandi efnahagur Evrópu sé skilyrði
fyrir því, að markmiðum Sameinuðu þjóð-
anna verði náð;

Recognizing that a strong and prosper-
ous European economy is essential for
the attainment of the purposes of the
United Nations;

álitu, að til þess að hægt sé að skapa ofangreindar aðstæður, sé nauðsynlegt, að gerð verði áætlun um viðreisn Evrópu á grundvelli eigin átaka og gagnkvæmrar samvinnu, er öll ríki, sem samvinnu hafa um slíka áætlun, geti gerzt aðilar að, og sé áætlunin byggð á öflugum frameiðslu-átökum, aukningu útflutningsverzlunar, sköpun eða viðhaldi öryggis í innanlandsfjármálum og eflingu efnahagslegrar samvinnu, þar með taldar allar mögulegar leiðir til þess að koma á og viðhalda réttu gengi og draga úr viðskiptahömlum;

hafa í huga, að ríkisstjórn Íslands hefur til eflingar ofangreindum meginreglum gerzt aðili ásamt öðrum þjóðum, sem sama sinnis eru, að samningi um efnahagssamvinnu Evrópu, er undirritaður var í París hinn 16. apríl 1948, en aðilar þess samnings hafa komið sér saman um að hefjast þegar handa um sameiginlega viðreisnaráætlun og framkvæmd hennar, og að Ísland er aðili að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, sem komið hefur verið á fót samkvæmt ákvæðum téðs samnings;

hafa og í huga, að ríkisstjórn Bandaríkjanna Ameríku hefur til eflingar ofangreindum meginreglum samþykkt lög frá 1948 um efnahagssamvinnu, þar sem gert er ráð fyrir því, að Bandaríki Ameríku veiti aðstoð þeim þjóðum, sem þátt taka í sameiginlegri áætlun um viðreisn Evrópu, til þess að þær þjóðir geti með eigin átökum og samvinnu sín á milli orðið óháðar óvenjulegri utanaðkomandi efnahagsaðstoð;

minnast þess, að ríkisstjórn Íslands hefur þegar lýst fylgi sínu við markmið og stefnu laga frá 1948, um efnahagssamvinnu;

telja æskilegt að lýsa þeim reglum, sem samkomulag hefur orðið um, að farið skuli eftir við veitingu aðstoðar af hálfu ríkisstjórnar Bandaríkjanna Ameríku samkvæmt lögum frá 1948, um efnahagssamvinnu og viðtöku aðstoðar af hálfu ríkisstjórnar Íslands, svo og ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnirnar munu gera

62
5. júlí

Considering that the achievement of such conditions calls for a European recovery plan of self-help and mutual co-operation, open to all nations which cooperate in such a plan, based upon a strong production effort, the expansion of foreign trade, the creation or maintenance of international financial stability and the development of economic co-operation, including all possible steps to establish and maintain valid rates of exchange and to reduce trade barriers;

Considering that in furtherance of these principles the Government of Iceland has joined with other like-minded nations in a Convention for European Economic Co-operation signed at Paris on April 16, 1948, under which the signatories of that Convention agreed to undertake as their immediate task the elaboration and execution of a joint recovery program, and that the Government of Iceland is a member of the Organization for European Economic Co-operation created pursuant to the provisions of that Convention;

Considering also that, in furtherance of these principles, the Government of the United States of America has enacted the Economic Co-operation Act of 1948, providing for the furnishing of assistance by the United States of America to nations participating in a joint program for European recovery, in order to enable such nations through their own individual and concerted efforts to become independent of extraordinary outside economic assistance;

Taking note that the Government of Iceland has already expressed its adherence to the purposes and policies of the Economic Cooperation Act of 1948;

Desiring to set forth the understandings which govern the furnishing of assistance by the Government of the United States of America under the Economic Cooperation Act of 1948, the receipt of such assistance by Iceland, and the measures which the two Governments will take individually and together in furthering the re-

- 62 hvor í sínu lagi og í sameiningu til efling-
 5. júlí ingar viðreisn á Íslandi, sem er beinn þáttur í hinni sameiginlegu áætlun um viðreisn Evrópu;
 og hafa þær því orðið ásáttar um eftirfarandi atriði:

I. grein.

(Aðstoð og samvinna).

1. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tekst á hendur að veita Íslandi aðstoð með því að gefa ríkisstjórn Íslands, eða einstaklingi, félagi eða stofnun, sem hún tilnefnir, kost á þeirri aðstoð, sem hún kann að óska eftir og ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku samþykkir að láta í té. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku mun veita téða aðstoð í samræmi við og að viðlögðum öllum ákvæðum, skilyrðum og brottfallsgreinum laga frá 1948, um efnahagssamvinnu, laga um breytingu á og viðauka við þau lög og fjárveitingalaga í framhaldi af þeim, og mun einungis gefa ríkisstjórn Íslands kost á þeim vörum, þjónustu og annarri aðstoð, sem heimiluð er samkvæmt slíkum lögum.

2. Ríkisstjórn Íslands mun með eigin á-tökum og fyrir atbeina Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu og í samræmi við samninginn um efnahagssamvinnu Evrópu, sem undirritaður var í París hinn 16. apríl 1948, ásamt öðrum þáttökuríkjum gera virkar tilraunir til þess að ná sem fyrst með sameiginlegri viðreisnar-áætlun þeim efnahagsaðstæðum í Evrópu, sem nauðsynlegar eru varanlegum friði og velmegun og til þess að gera ríkjum Evrópu, sem þátt taka í slíkri sameiginlegri áætlun, fært að verða óháð óvenju-
 legri utanaðkomandi aðstoð innan gildistímabils samnings þessa. Ríkisstjórn Íslands staðfestir þann ásetning sinn að gera ráðstafanir til þess að framkvæma ákvæði hinna almennu skuldbindinga, sem greindar eru í samningi um efnahagssamvinnu Evrópu, að halda áfram að taka virkan þátt í störfum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu og að halda áfram að

covery of Iceland as an integral part of the joint program for European recovery;
 Have agreed as follows:

Article I.

(Assistance and Cooperation).

1. The Government of the United States of America undertakes to assist Iceland, by making available to the Government of Iceland or to any person, agency or organization designated by the latter Government such assistance as may be requested by it and approved by the Government of the United States of America. The Government of the United States of America will furnish this assistance under the provisions, and subject to all of the terms, conditions and termination provisions, of the Economic Cooperation Act of 1948, acts amendatory and supplementary thereto and appropriation acts thereunder, and will make available to the Government of Iceland only such commodities, services and other assistance as are authorized to be made available by such acts.

2. The Government of Iceland, acting individually and through the Organization for European Economic Cooperation, consistently with the Convention for European Economic Cooperation signed at Paris on April 16, 1948, will exert sustained efforts in common with other participating countries speedily to achieve through a joint recovery program economic conditions in Europe essential to lasting peace and prosperity and to enable the countries of Europe participating in such a joint recovery program to become independent of extraordinary outside economic assistance within the period of this Agreement. The Government of Iceland reaffirms its intention to take action to carry out the provisions of the General Obligations of the Convention for European Economic Cooperation, to continue to participate actively in the work of the Organization for European Eco-

fylgja markmiðum og stefnu laga frá 1948, um efnahagssamvinnu.

3. Að því er snertir aðstoð, sem ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku veitir Íslandi og útveguð er utan Bandaríkja Ameríku, lendna þeirra eða eignarlanda, mun ríkisstjórn Íslands hafa samvinnu við ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um að tryggja, að það sem útvegað er, fáið með sanngjörnu verði og með sanngjörnum skilyrðum og þannig, að þeir dollarar, sem það ríki öðlast, er aðstoð er útveguð frá, verði notaðir á þann hátt, sem samrýmanlegur er þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku gerir í samráði við hlutaðeigandi ríki.

II. grein.

(Almennar skuldbindingar).

1. Í þeim tilgangi, að viðreisn Íslands megi ná sem fyllstum árangri fyrir atbeina aðstoðar þeirrar, sem fengin er hjá ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku, mun ríkisstjórn Íslands gera sitt ýtrasta til þess:

- (a) að gera eða halda áfram þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja hagkvæma og hagsýna notkun allra auðlinda, sem hún hefur umráð yfir, þar á meðal
 - (i) þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að tryggja það, að vörur þær og þjónusta, sem fengnar eru fyrir aðstoð, sem veitt er samkvæmt samningi þessum, séu notaðar á þann hátt, sem samrýmanlegur er samningi þessum og, eftir því sem við verður komið, hinum almennu markmiðum, sem fram koma í áætlunum, er ríkisstjórn Íslands lætur í té til stuðnings þörfum sínum fyrir aðstoð, er veitt sé af ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku;
 - (ii) Athugun og endurskoðun á hagnýtingu slíkra auðlinda með ströngu eftirlitskerfi, sem sam-

62
5. júlí
nomic Cooperation, and to continue to adhere to the purposes and policies of the Economic Cooperation Act of 1948.

3. With respect to assistance furnished by the Government of the United States of America to Iceland and procured from areas outside the United States of America, its territories and possessions, the Government of Iceland will cooperate with the Government of the United States of America in ensuring that procurement will be effected at reasonable prices and on reasonable terms and so as to arrange that the dollars thereby made available to the country from which the assistance is procured are used in a manner consistent with any arrangements made by the Government of the United States of America with such country.

Article II.

(General Undertakings).

1. In order to achieve the maximum recovery through the employment of assistance received from the Government of the United States of America, the Government of Iceland will use its best endeavours:

- (a) to adopt or maintain the measures necessary to ensure efficient and practical use of all the resources available to it, including
 - (i) such measures as may be necessary to ensure that the commodities and services obtained with assistance furnished under this Agreement are used for purposes consistent with this Agreement and, as far as practicable, with the general purposes outlined in the schedules furnished by the Government of Iceland in support of the requirements of assistance to be furnished by the Government of the United States of America;
 - (ii) the observation and review of the use of such resources through an effective follow-up

þykkt sé af Efnahagssamvinnustofnun Evrópu; og

- (iii) að því leyti sem því verður við komið, ráðstafanir til að hafa upp á, finna eigendur að og nota á viðeigandi hátt til eflingar sameiginlegrí áætlun um viðreisn Evrópu, eignir og tekjur af þeim, sem tilheyra íslenskum ríkisborgurum og eru innan Bandaríkja Ameríku, lendna þeirra eða eignarlanda. Með ákvæði þessu er engin skylda lögð á ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku til þess að aðstoða við framkvæmd slíkra ráðstafana né á ríkisstjórn Íslands til að ráðstafa slíkum eignum.
- (b) að efla framleiðslu iðnaðar- og akuryrkjuvara á heilbrigðum efnahagslegum grundvelli, að ná þeim framleiðslumarkmiðum, sem sett kunna að verða fyrir atbeina Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, og að láta ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku í té — þegar hún óskar þess — nákvæmar tillögur um tilteknar framkvæmdir, sem ríkisstjórn Íslands hefur í hyggju, að gerðar verði að verulegu leyti fyrir aðstoð, sem fánleg verður samkvæmt þessum samningi, þ. á m., eftir því sem við verður komið, áætlanir um aukna framleiðslu samgöngutækja og matvæla;
- (c) að koma gjaldmiðli sínum í öruggt horf, koma á eða viðhalda réttu gengi, afnema halla á fjárlögum, svo fljótt sem því verður við komið, koma á eða viðhalda öryggi í innanlandsfjármálum og yfirleitt að endurreisa eða viðhalda trausti á peningamálum sínum; og
- (d) að hafa samvinnu við önnur þátttökuríki um að auðvelda og efla vaxandi skipti á vörum og þjónustu milli þátttökuríkja og við önnur ríki og að draga úr hömlum af hálfu einstaklinga og þess opinbera í viðskiptum
- system approved by the Organization for European Economic Cooperation; and
- (iii) to the extent practicable, measures to locate, identify and put into appropriate use in furtherance of the joint program for European recovery, assets and earnings therefrom which belong to nationals of Iceland and which are situated within the United States of America, its territories or possessions. Nothing in this clause imposes any obligation on the Government of the United States of America to assist in carrying out such measures or on the Government of Iceland to dispose of such assets;
- (b) to promote the development of industrial and agricultural production on a sound economic basis; to achieve such productive targets as may be established through the Organization for European Economic Cooperation; and when desired by the Government of the United States of America, to communicate to that Government detailed proposals for specific projects contemplated by the Government of Iceland to be undertaken in substantial part with assistance made available pursuant to this Agreement including, whenever practicable, projects for increased production of transportation facilities and food;
- (c) to stabilize its currency, establish or maintain a valid rate of exchange, balance its governmental budget as soon as practicable, create or maintain internal financial stability, and generally restore or maintain confidence in its monetary system; and
- (d) to cooperate with other participating countries in facilitating and stimulating an increasing interchange of goods and services among the participating countries and with other countries and in reducing public and

milli ríkjanna og gagnvart öðrum ríkjum.

2. Með hliðsjón af 8. gr. samningsins um efnahagssamvinnu Evrópu, þar sem gert er ráð fyrir fullkominni og hagnýtri notkun mannafla, sem fyrir hendi er í þáttökuríkjunum, mun ríkisstjórn Íslands taka til velviljaðrar athugunar tillögur, sem gerðar eru í samráði við Alþjóðaflóttamannastofnunina og miða að sem fullkomnastrí hagnýtingu mannafla, sem fyrir hendi er í einhverju þáttökuríkjanna, til þess að náð verði markmiðsamnings þessa.

3. Ríkisstjórn Íslands mun gera þær ráðstafanir, sem hún telur viðeigandi, og mun hafa samvinnu við önnur þáttökuríki um að koma í veg fyrir, að beitt verði af hálfu verzlunarfyrirtækja einstaklinga eða opinberra aðila þeim verzlunaraðferðum eða ráðstöfunum á sviði milliríkjaverzlunar, sem torvelda samkeppni, takmarka aðgang að mörguðum eða stuðla að einokunarfyrirkomulagi, þegar slíkar aðferðir eða ráðstafanir verða til þess að hefta framgang hinnar sameiginlegu áætlunar um viðreisn Evrópu.

III. grein. (Ábyrgðir).

1. Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkja Ameríku munu, þegar önnur þeirra óskar þess, hafa viðræður um áætlanir á Íslandi, sem ríkisborgarar Bandaríkja Ameríku hafa gert tillögu um og ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku getur á viðeigandi hátt ábyrgzt gjaldeyrisyfirfærslu í sambandi við samkvæmt 111. gr. (b) (3) laga frá 1948, um efnahagssamvinnu.

2. Ríkisstjórn Íslands fellst á, að ef ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku innir af hendi greiðslu í Bandaríkjadollurum til einhvers aðila samkvæmt slíkri ábyrgð, skuli krónur þær, eða inneign í krónum, sem framseld er ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku samkvæmt téðri grein, verða skoðaðar sem eign ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku.

private barriers to trade among themselves and with other countries.

2. Taking into account Article 8 of the Convention for European Economic Cooperation looking toward the full and effective use of manpower available in the participating countries, the Government of Iceland will accord sympathetic consideration to proposals made in conjunction with the International Refugee Organization directed to the largest practicable utilization of manpower available in any of the participating countries in furtherance of the accomplishment of the purposes of this Agreement.

3. The Government of Iceland will take the measures which it deems appropriate, and will cooperate with other participating countries, to prevent, on the part of private or public commercial enterprises, business practises or business arrangements affecting international trade which restrain competition, limit access to markets or foster monopolistic control whenever such practices or arrangements have the effect of interfering with the achievement of the joint program of European recovery.

Article III. (Guaranties).

1. The Governments of Iceland and the United States of America will, upon the request of either Government, consult respecting projects in Iceland proposed by nationals of the United States of America and with regard to which the Government of the United States of America may appropriate make guaranties of currency transfer under section 111 (b) (3) of the Economic Cooperation Act of 1948.

2. The Government of Iceland agrees that if the Government of the United States of America makes payment in United States dollars to any person under such a guaranty, any krónur, or credits in krónur, assigned or transferred to the Government of the United States of America pursuant to that section shall be recognized as property of the Government of the United States of America.

62

5. júlí

IV. grein.

(Innlendur gjaldmiðill).

1. Ákvæði þessarar greinar ná einungis til aðstoðar, sem ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku kann að veita án þess að endurgjald komi fyrir.

2. Ríkisstjórn Íslands mun stofna sérstakan reikning á sínu nafni í Landsbanka Íslands (hér nefndur „sérstakur reikningur“) og mun leggja inn á þann reikning í krónum upphæðir, sem samsvara þeim dollaraútgjöldum, sem ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku ráðgerir vegna útvegunar vara, þjónustu eða tæknilegra upplýsinga (þ. á m. hvers konar kostnað við verkun, geymslu, flutning, viðgerðir og aðra þjónustu í því sambandi), sem Íslandi hafa verið útvegaðar án endurgjalds á einhvern hátt, sem heimilað er í lögum frá 1948, um efnahagssamvinnu. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tilkynnir ríkisstjórn Íslands við og við ráðgert dollaraverð slíkra vara, þjónustu og tæknilegra upplýsinga, og ríkisstjórn Íslands leggur síðan inn á hinn sérstaka reikning samsvarandi upphæð í krónum samkvæmt því gengi, sem á hverjum tíma hefur orðið samkomulag um við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ríkisstjórn Íslands getur hvenær sem er innt af hendi fyrirframgreiðslur inn á hinn sérstaka reikning, sem síðan skulu koma til frádráttar síðari upphæðum, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari málsgrein.

3. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tilkynnir ríkisstjórn Íslands við og við um upphæðir þær í krónum, sem hún þarfnast vegna reksturskostnaðar á Íslandi við framkvæmd laga frá 1948, um efnahagssamvinnu, og ríkisstjórn Íslands lætur síðan slíkar upphæðir í té af innstæðum á hinum sérstaka reikningi á þann hátt, sem ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku óskar eftir í tilkynningunni.

Article IV.

(Local Currency).

1. The provisions of this Article shall apply only with respect to assistance which may be furnished by the Government of the United States of America on a grant basis.

2. The Government of Iceland will establish a special account in the Landsbanki Íslands (National Bank of Iceland) in the name of the Government of Iceland (hereinafter called the Special Account) and will make deposits in krónur to this account in amounts commensurate with the indicated dollar cost to the Government of the United States of America of commodities, services and technical information (including any costs of processing, storing, transporting, repairing or other services incident thereto) made available to Iceland on a grant basis by any means authorized under the Economic Cooperation Act of 1948. The Government of the United States of America shall from time to time notify the Government of Iceland of the indicated dollar cost of any such commodities, services and technical information, and the Government of Iceland will thereupon deposit in the Special Account a commensurate amount of krónur computed at a rate of exchange, which shall be the par value agreed at such time with the International Monetary Fund. The Government of Iceland may at any time make advance deposits in the Special Account which shall be credited against subsequent notifications pursuant to this paragraph.

3. The Government of the United States of America will from time to time notify the Government of Iceland of its requirements for administrative expenditures in krónur within Iceland incident to operations under the Economic Cooperation Act of 1948, and the Government of Iceland will thereupon make such sums available out of any balances in the Special Account in the manner requested by the Government of the United States of America in the notification.

4. Fimm af hundraði af fé því, sem greitt er inn á hinn sérstaka reikning samkvæmt þessari grein vegna aðstoðar, sem veitt er samkvæmt heimild laga frá 1949, um fjárveitingu í sambandi við aðstoð til annarra þjóða, skal leggja til hliðar til ráðstöfunar ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku vegna útgjalda hennar á Íslandi, og skulu upphæðir þær, sem látnar eru í té samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar fyrst dregnar frá þeim upphæðum, sem lagðar eru til hliðar samkvæmt þessari málsgrein.

5. Ríkisstjórn Íslands mun enn fremur láta í té þær upphæðir í krónum af innstæðum á hinum sérstaka reikningi, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að standast kostnað (þ. á m. hafnar-, geymslu-, afgreiðslu- og slíkan kostnað) við flutning frá aðkomuhöfn á Íslandi til afgreiðslustaðar viðtakanda á Íslandi á þeim gjafasendingum og böggjum, sem um ræðir í 117. gr. (c) laga frá 1948, um efnahagssamvinnu.

6. Ríkisstjórn Íslands getur hafið innstæður, sem fyrir hendi kunna að vera á hinum sérstaka reikningi, til þeirra ráðstafana, sem samkomulag kann að nást um á hverjum tíma við ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku. Við athugun á tillögum, sem ríkisstjórn Íslands gerir um ráðstöfun á innstæðum á hinum sérstaka reikningi, mun ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku hafa í huga þá þörf, sem er á því að efla eða viðhalda öryggi í peningamálum og fjármálum innanlands á Íslandi og á því að efla framleiðslustörf og milliríkjaviðskipti svo og leit að og elfingu á nýjum auðlindum á Íslandi, þar með talið sérstaklega:

(a) útgjöld vegna fyrirætlana eða áætlana, þ. á m. þeirra, sem eru þáttur í heildaráætlun um eflingu framleiðslugetu Íslands og hinna þáttökuríkjanna, og fyrirætlana eða áætlana, sem erlendar gjaldeyriskostnaður við er greiddur með aðstoð, sem ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku veitir samkvæmt lögum frá 1948, um efnahagssamvinnu eða á annan hátt, eða með lánum frá Alþjóðbankanum.

4. Five percent of each deposit made pursuant to this Article in respect of assistance furnished under authority of the Foreign Aid Appropriation Act, 1949, shall be allocated to the use of the Government of the United States of America for its expenditure in Iceland and sums made available pursuant to paragraph 3 of this Article shall first be charged to the amounts allocated under this paragraph.

5. The Government of Iceland will further make such sums of krónur available out of any balances in the Special Account as may be required to cover costs (including port, storage, handling and similar charges) of transportation from any point of entry in Iceland to the consignee's designated point of delivery in Iceland of such relief supplies and packages as are provided for in Section 117 (c) of the Economic Cooperation Act of 1948.

6. The Government of Iceland may draw upon any remaining balance in the Special Account for such purposes as may be agreed from time to time with the Government of the United States of America. In considering proposals put forward by the Government of Iceland for drawings from the Special Account, the Government of the United States of America will take into account the need for promoting or maintaining internal monetary and financial stabilization in Iceland and for stimulating productive activity and international trade and the exploration for and development of new sources of wealth within Iceland, including in particular:

(a) expenditure upon projects or programs, including those which are part of a comprehensive program for the development of the productive capacity of Iceland and the other participating countries, and projects or programs the external costs of which are being covered by assistance rendered by the Government of the United States of America under the Economic Cooperation Act of 1948

62

5. júlí

- (b) útgjöld í sambandi við leit að og aukna framleiðslu á efnivörum, sem þörf kann að vera fyrir í Bandaríkjunum Ameríku vegna skorts, sem er eða líklegt er að verði á slíkum vörum í Bandaríkjunum Ameríku; og
- (c) niðurgreiðslum, sem um munar, á þjóðarskuldum, einkum á skuldum Landsbanka Íslands eða annarra bankastofnana.

7. Kvaðalausum innstæðum, öðrum en óráðstöfuðum upphæðum, sem lagðar hafa verið til hliðar samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar, sem eftir eru á hinum sérstaka reikningi hinn 30. júní 1952, skal ráðstafað á Íslandi í þeim tilgangi, sem samkomulag kann að nást um milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Ameríku, og er þá áskilið, að samþykki Bandaríkja Ameríku sé háð staðfestingu löggjafarþings Bandaríkja Ameríku í formi laga eða sameiginlegrar ályktunar beggja deilda.

V. grein.

(Öflun efnivara).

1. Ríkisstjórn Íslands mun greiða fyrir afhendingu til Bandaríkja Ameríku, til birgðasöfnunar eða í öðru skyni, á efnivörum, sem framleiddar eru á Íslandi og Bandaríki Ameríku þarfnast vegna skorts, sem er eða líklegt er að verði á þeirra eigin auðlindum, með sanngjörnum söluskilmálum, skiptum, vöruskiptum eða á annan hátt og í því magni og til þess tíma, sem samkomulag kann að nást um milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Ameríku eftir að hæfilegt tillit hefur verið tekið til sanngjarnra þarfa Íslands til eigin notkunar og venjulegs útflutnings slíkra efnivara. Ríkisstjórn Íslands mun gera þær sérstöku ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framkvæma ákvæði þessarar málsgreinar, þ. á m. stuðla að aukinni framleiðslu slíkra efnivara á Íslandi og afnema sérhverjar tálmanir á afhendingu slíkra efnivara til Bandaríkja Ameríku. Ríkisstjórn Íslands

or otherwise, or by loans from the International Bank for Reconstruction and Development;

- (b) expenditures upon the exploration for and development of additional production of materials which may be required in the United States of America because of deficiencies or potential deficiencies in the resources of the United States of America; and
- (c) effective retirement of the national debt, especially debt held by the National Bank of Iceland or other banking institutions.

7. Any unencumbered balance, other than unexpended amounts allocated under paragraph 4 of this Article, remaining in the Special Account on June 30, 1952, shall be disposed of within Iceland for such purposes as may hereafter be agreed between the Governments of Iceland and the United States of America, it being understood that the agreement of the United States of America shall be subject to approval by Act or Joint Resolution of the Congress of the United States of America.

Article V.

(Access to Materials).

1. The Government of Iceland will facilitate the transfer to the United States of America, for stockpiling or other purposes, of materials originating in Iceland which are required by the United States of America as a result of deficiencies or potential deficiencies in its own resources, upon such reasonable terms of sale, exchange, barter or otherwise, and in such quantities, and for such period of time, as may be agreed to between the Governments of Iceland and the United States of America, after due regard for the reasonable requirements of Iceland for domestic use and commercial export of such materials. The Government of Iceland will take such specific measures as may be necessary to carry out the provisions of this paragraph, including the promotion of the increased production of such materials within Iceland, and the removal of any hindrances to the transfer

mun, þegar ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku óskar þess, hefja samningaviðræður um nánari ákvæði, er nauðsynleg eru til þess að framkvæma fyrirmæli þessarar málsgreinar.

2. Ríkisstjórn Íslands mun, þegar ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku fer þess á leit, taka þátt í samningaumleitunum um viðeigandi ákvæði til að framkvæma fyrirmæli 115. gr. (b) (9) laga frá 1948, um efnahagssamvinnu, er varðar framleiðslu og afhendingu á efnivörum, sem Bandaríki Ameríku þarfnast.

3. Ríkisstjórn Íslands mun, ef ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku óskar þess, hafa samvinnu, þegar það á við, um að markmiðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar verði náð að því er snertir efnivörur, sem til eru orðnar utan Íslands.

VI. grein. (Ferðalög).

Ríkisstjórn Íslands mun hafa samvinnu við ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um að greiða fyrir og stuðla að auknum ferðalögum Bandaríkjaþegna til þátttökuríkja og innan þeirra.

VII. grein.

(Samráð og framsending upplýsinga).

1. Báðar ríkisstjórnirnar munu, þegar önnur þeirra óskar þess, ráðgast um hvers konar atriði, er snerta framkvæmd samnings þessa svo og framkvæmdir eða ráðstafanir, sem gerðar eru í framhaldi samnings þessa.

2. Ríkisstjórn Íslands mun senda ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku í því formi og á þeim tímum, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna óskar eftir, er hún hefur ráðgast við ríkisstjórn Íslands:

(a) nákvæmar upplýsingar um fyrirætlanir, áætlanir og ráðstafanir, sem

of such materials to the United States of America. The Government of Iceland will, when so requested by the Government of the United States of America, enter into negotiations for detailed arrangements necessary to carry out the provisions of this paragraph.

2. The Government of Iceland will, when so requested by the Government of the United States of America, negotiate such arrangements as are appropriate to carry out the provisions of paragraph (9) of subsection 115 (b) of the Economic Cooperation Act of 1948, which relates to the development and transfer of materials required by the United States of America.

3. The Government of Iceland, when so requested by the Government of the United States of America, will cooperate, wherever appropriate, to further the objectives of paragraphs 1 and 2 of this Article in respect of materials originating outside of Iceland.

Article VI. (Travel Arrangements).

The Government of Iceland will cooperate with the Government of the United States of America in facilitating and encouraging the promotion and development of travel by citizens of the United States of America to and within participating countries.

Article VII. (Consultation and Transmittal of Information).

1. The two Governments will, upon the request of either of them, consult regarding any matter relating to the application of this Agreement or to operations or arrangements carried out pursuant to this Agreement.

2. The Government of Iceland will communicate to the Government of the United States of America in a form and at intervals to be indicated by the latter after consultation with the Government of Iceland:

(a) detailed information of projects, programs and measures proposed or

62
5. júlí

